

Húseigandi er ábyrgur fyrir vanrækslu hér á og hugsanlegu tjóni, sem af slíkri vanrækslu kann að leiða.

6. gr.

Kostnaður við holræsagerð kauptúnsins greiðist af holræsagerðinni. Til þess að standa straum af kostnaði skal hver húseigandi greiða holræsagerðinni tengigjald er hann tengir hús sitt við holræsakerfið. Greiða skal í tengigjald kr. 200.00 pr. m³ íbúðarhúsa og kr. 100.00 pr. m³ annarra húsa, hvort tveggja miðað við byggingarvísitölu 159. Gjald þetta breytist til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á byggingavísitölu. Tengigjald skal greitt eða um það samið áður en tenging við aðalræsið er leyfð. Þá skal og hver húseigandi, er tengt hefur hús sitt holræsakerfinu greiða árlega til holræsagerðarinnar 0,3% af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en kr. 3 000.00 af húsi eða húshluta sem talið er sér í fasteignamati enda sé skolplögn frá viðkomandi húseign eða húshluta. Gjöld samkvæmt grein þessari er sveitarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 50 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytis komi til.

7. gr.

Húseigandi ber úbyrgð á greiðslu holræsagjalds. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveði í mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er sá sami og fasteignaskatts.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við lögum samkvæmt.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. janúar 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Egilsstaðahrepps, Suður-Múlasýslu
nr. 402 14. desember 1973.

1. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Árlegur vatnsskattur skal vera sem hér segir:

- a. Af hverri sjálfstæðri íbúð skal greiða kr. 10 000.00 árlega.
Sé íbúðin stærri en 450 m³ greiðist til viðbótar kr. 12 fyrir hvern m³ umfram þá stærð.
- b. Af öðrum húsum en íbúðarhúsum, sem tengd eru við vatnsveitukerfið skal greiða kr. 12 á hvern rúmmetra í húsi.

- c. Heimilt er hreppsnefnd að setja upp vatnsmæla hjá þeim fyrirtækjum og einstaklingum, sem nota mikið vatn. Skal þá greiða kr. 5 fyrir hvert tonn vatns, sem notað er enda séu öll vatnsgjöld þar innifalin nema mælaleiga, sem skal vera kr. 2 000.00 á ári.
- d. Steypustöðvar til húsagerðar eða iðnaður auk framangreindra gjalda samkvæmt b-lið kr. 60 fyrir hvert tonn sements, sem steypst er úr.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Egilsstaða-hrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 25. janúar 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála, og VIII. kafla laga nr. 34 21 maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt flugfélaginu Vængjum hf., Reykjavík, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á flugleiðinni Reykjavík — Reykjavíki við Mývatn — Reykjavík, á tímabilinu 9. febrúar 1978 til 31. desember 1982.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á téðri flugleið, en jafnframt skylda til að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytitsins.

Samgönguráðuneytið, 9. febrúar 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um hækkun á heilðsölugjaldskrá Laxárvirkjunar.

Samkvæmt 8. gr. laga um Laxárvirkjun nr. 60 20. maí 1965 hefur ráðuneytið staðfest 5.5% hækkun á gildandi heilðsölugjaldskrá Laxárvirkjunar frá og með 1. mars 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.